



Hreppsnefnd 26.03.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 26.mars 2002

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 26. 03. 2002 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn H. Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Inga María Ingadóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna, síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Fundargeð hreppsnefndar frá 14. mars sl. Fundargerðin rædd og svaraði sveitarstjóri framkomnum spurningum um 5. mál, 9. mál og 12. mál. Síðan var fundargerðin samþykkt.

2. mál. Fundargerð bygginganefndar haldinn 26. 03, 2002 í Miklagarði. Sveitarstjóri kynnti 1. mál. Á fundinn hafði mætt Halldór Jóhannsson arkitekt, sem vinnur að aðalskipulagi fyrir Vopnafjarðarhrepp. Gerði hann grein fyrir þeim helstu þáttum sem taka þarf á við skipulagsgerð af þessum toga. Síðan var fundargerðin samþykkt.

3. mál. Fundargerð skólanefndar frá 19. mars sl. Rætt var 1. mál, þar sem skólanefnd telur að mikilvægt sé að bæta netsamband með ADLS tengingu. Skólanefnd skorar á hreppsnefnd að beita sér fyrir að fyrirtæki og stofnanir knýi á um betri nettengingu. Hreppsnefnd samþykkti að fela sveitarstjóra að beita sér í málinu.

Mikil umræða var síðan um skólamál almennt og svaraði oddviti framkomnum spurningum.

4. mál. Bréf Húsfriðunarnefndar ríkisins frá 6. mars sl. Húsfriðunarnefnd svarar beiðni um styrk til framkvæmda við Kaupvang neitandi, með þeim rökum að þau verkefni sem fengu framlag af fjárlögum séu ekki styrkhæf hjá nefndinni.

5. mál. Menningarráð Austurlands bréf dags. 18. mars sl., styrkur. Með bréfinu er tilkynnt að Vopnafjarðarhreppi hefur verið veittur 600.000 kr. styrkur til lagfæringa á ljósabúnaði í félagsheimilinu Miklagarði. Lagt fram til kynningar,

6. mál. Fjölskyldurráð bréf dags. 12. mars sl. varðandi dag fjölskyldunnar 15. maí n.k. Erindinu vísað til félagsmálanefndar.

7. mál. Svæðismiðlun Austurlands bréf dags. 15. mars sl. Vísað til atvinnumálanefndar.

8. mál. Tangi hf. erindi frá 22. mars sl. varðandi forkaupsrétt. Samþykkt var að hafna forkaupsrétti á Sjóla HF-1, skipaskránumer 1365.

9. mál. Vallholt 15, leiga. Samþykkt að taka Vallholt 15 á leigu fyrir sjúkraþjálfara.

10. mál. Ráðning sjúkraþjálfara. Emil Sigurjónsson kynnti ráðningu sjúkraþjálfara, sem tekur til starfa 1. apríl nk.

11. Ýmsar fundargerðir

a) Fundargerð launanefndar sveitarfélaga nr. 41, 42, 43, og 45.

Fleira ekki tekið fyrir og þakkaði oddviti fundarmönnum góða fundarsetu og sleit síðan fundi.